



Fjarnám í Verzlunarskóla Íslands
2015-2016

Skýrsla fjarnámsstjóra

Efniyfirlit

| | |
|--|----|
| Inngangur | 5 |
| Haustönn 2015 | 5 |
| Vorönn 2016 | 6 |
| Sumarönn 2016 | 7 |
| Fjöldi fjarnemenda eftir önnum | 8 |
| Mynd 1. Fjöldi fjarnemenda VÍ eftir önnum | 8 |
| Fjöldi umsækjenda eftir önnum | 9 |
| Tafla 1. Fjöldi umsækjenda, nemenda og hlutfall milli nemenda og umsækjenda..... | 9 |
| Mynd 2. Fjöldi umsækjenda eftir önnum..... | 10 |
| Meðaleiningafjöldi fjarnemenda eftir önnum | 10 |
| Mynd 3. Meðaleiningafjöldi fjarnemenda eftir önnum..... | 10 |
| Mæting fjarnemenda í próf eftir önnum..... | 11 |
| Mynd 4. Hlutfallsleg mæting í fjarnámspróf eftir önnum..... | 11 |
| Ársmemendur fjarnáms..... | 11 |
| Mynd 5. Fjöldi ársnemenda fjarnáms eftir önnum..... | 12 |
| Mynd 6. Fjöldi ársnemenda fjarnáms eftir árum | 13 |
| Fjarnámsgjöld | 13 |
| Fjarnámspróf..... | 13 |
| Einkunnir fyrir fjarnámspróf..... | 13 |
| Mynd 7. Einkunnadreifing fjarnemenda í % á H15, V16, S16..... | 14 |
| Tafla 2. Niðurstöður prófa á H15, V16 og S16..... | 14 |
| Tafla 3. Niðurstöður prófa teknar saman | 15 |
| Lokaorð | 15 |
| Viðauki..... | 16 |
| Tafla 4. Tölur úr gagnagrunni fjarnáms á árunum 2006-2016..... | 16 |

Inngangur

Fjarnám við Verzlunarskóla Íslands hefur verið rekið í núverandi mynd síðan haustið 2005. Í þessari skýrslu verður gerð grein fyrir starfseminni skólaárið 2015-2016.

Haustönn 2015

Á haustönn 2015 voru 113 áfangar kenndir, en fleiri áfangar voru í boði. Öllum nemendum sem sóttu um, var boðinn aðgangur að fjarnáminu og þeim sem höfðu valið áfanga sem ekki voru kenndir var boðið að taka aðra áfanga í staðinn.

Tveir *hulduáfangar* voru kenndir fyrir nemendur sem af ýmsum ástæðum þurftu nauðsynlega að taka þá áfanga. Þetta voru áfangarnir BÓK313 og STÆ523. Áfangar á haustönn 2015 voru því alls 115.

Fjarkennarar voru 49 þessa önnina, allir þrautreyndir fagmenn.

Á haustönn 2015 voru 570 nemendur skráðir í fjarnám við Verzlunarskólann. Þegar þessi nemendahópur er skoðaður kemur í ljós að:

- Fjöldi nemenda á haustönn 2015 er 58 fleiri en á haustönn 2014 og fjölgaði nemendum því um rúm 11% á milli þessara ára.
- Af 570 nemendum haustannar 2015 voru 103 (18,1%) líka í dagskóla Verzlunarskólans, hinir 467 (81,9%) komu annars staðar frá. Á haustönn 2014 var fjöldi dagskólanemenda í fjarnámi 69 (13,5%), sem er hlutfallslega mun minni fjöldi en á haustönn 2015.
- Af 570 nemendum haustannar 2015 voru 75 (13,2%) nemendur grunnskóla, sem er aðeins lægra hlutfall en á haustönn 2014 því þá var þessi fjöldi 13,9% af heildarfjölda fjarnemenda.
- Af þessum 570 nemendum haustannar 2015 voru konur 320 (56,1%) og karlar 250 (43,9%) en á haustönn 2014 voru samsvarandi gildi nánast þau sömu, eða 56,4% og 43,6%.
- Meðalaldur fjarnemenda á haustönn 2015 var 21,6 ár, en á haustönn 2014 var þessi tala 22,4 ár.
- Fjölmennasti árgangurinn í fjarnáminu á haustönn 2015 voru nemendur fæddir 1996, en þeir nemendur voru væntanlega á fjórða ári í framhaldsskóla þetta haustið. Haustið 2014 voru nemendur á fjórða ári í framhaldsskóla (nemendur fæddir 1995) einnig fjölmennasti árgangurinn.
- Hver nemandi tók að meðaltali 5,00 einingar á haustönn 2014, en sambærileg tala fyrir haustönn 2014 var 5,29.

Sjá nánar um nemendur á haustönn 2015 á heimasíðu skólans¹.

Nemendur haustannar 2015 voru skráðir í 2851 einingar. Til lokaprófs skiluðu sér 1959 einingar en það voru 68,7% af þeim einingum sem lagt var upp með og gáfu þessar þreyttu einingar 56,0 ársnemendur. Af þessum einingum átti MTR 6 einingar, en skólarnir gerðu

¹Sjá nánari upplýsingar um nemendur á haustönn 2015 á heimasíðu skólans, http://www.verslo.is/fjarnam/um-fjarnam/fjarnemendur/haust_2015/. Tölur eru mismunandi á heimasíðu og í skýrslu, sem skýrist af því að tölur á heimasíðu eru frá miðri önn, en tölur í skýrslu frá lok annar og nokkrir nemendur bættust í hópinn á þeim tíma.

samkomulag á milli sín í upphafi árs 2012 þess efnis að VÍ kenndi nemendum en MTR borgaði fyrir og teldi þá til sinna ársnemenda. Á haustönn 2014 skiluðu 63,5% eininga sér til prófs en á þeirri önn gaf það 49,1 ársnemendur. Sjá töflu 4 í viðauka.

Vorönn 2016

Á vorönn 2016 voru 97 áfangar kenndir en fleiri áfangar voru í boði. Öllum nemendum sem sóttu um var boðinn aðgangur að fjarnáminu og þeim sem höfðu valið áfanga sem ekki voru kenndir var boðið að taka aðra áfanga í staðinn.

Fjórir *hulduáfangar* voru kenndir fyrir nemendur sem af ýmsum ástæðum þurftu nauðsynlega að taka þá áfanga. Þetta voru áfangarnir BÓK313, REK213, REK313 og STÆ523. Áfangar á vorönn 2016 voru því alls 101.

Fjarkennarar á vorönn 2016 voru 49, allt gamalreyndir og dugandi fjarkennarar.

Á vorönn 2016 voru 574 nemendur skráðir í fjarnám við Verzlunarskólann. Þegar þessi nemendahópur er skoðaður kemur í ljós að:

- Fjöldi nemenda á vorönn 2016 var 35 nemendum færri en á vorönn 2015, þetta er 6,1% fækkun á milli ára.
- Af 574 nemendum vorannar 2016 voru 186 (32,4%) líka í dagskóla Verzlunarskólans, hinir 388 (67,6%) komu annars staðar frá. Þetta hlutfall Verzlunarskólanemenda í fjarnámi er nánast það sama og á vorönninni á undan en þá var það 32,5%.
- Af 574 nemendum vorannar 2016 voru 62 (10,8%) nemendur grunnskóla, en á vorönn 2015 voru sambærilegar tölur 70 (11,5%).
- Af 574 nemendum vorannar 2016 voru konur 294 (51,2%) og karlar 280 (48,8%) en á vorönn 2015 var hlutfall kvenna 54,9% og karla 48,8%.
- Meðalaldur fjarnemenda á vorönn 2016 var 21,5 ár, en þessi tala aðeins hærrí á vorönninni á undan (22,2 ár).
- Fjölmennasti árgangurinn í fjarnáminu á vorönn 2016 voru nemendur fæddir 1996, en þeir nemendur voru væntanlega á fjórða ári í framhaldsskóla þetta vorið. Næst fjölmennasti árgangurinn á vorönn 2016 voru nemendur fæddir 1997 en þeir voru þá væntanlega á þriðja ári þá önnina. Vorið 2015 voru nemendur á þriðja ári í framhaldsskóla (nemendur fæddir 1996) fjölmennasti árgangurinn, en nemendur ári eldri (fæddir 1995 og á fjórða ári) voru næst fjölmennastir.
- Að meðaltali tók hver nemandi 5,04 einingar á vorönn 2016, en sambærileg tala fyrir vorönn 2015 var 5,24.

Sjá nánar um nemendur á vorönn 2016 á heimasíðu skólans ².

Nemendur vorannar 2016 voru skráðir í 2894 einingar. Til lokaprófs skiluðu sér 2046,2 eining en það voru 70,7% af þeim einingum sem lagt var upp með og gáfu þessar þreyttu einingar 58,5 ársnemendur. Á vorönn 2015 skiluðu 72,2% eininga sér til prófs en á þeirri önn gaf það 65,7 ársnemendur. Sjá töflu 4 í viðauka.

²Sjá nánari upplýsingar um nemendur á vorönn 2016 á heimasíðu skólans, <http://www.verslo.is/fjarnam/um-fjarnam/fjarnemendur/vor-2016/>. Tölur eru mismunandi á heimasíðu og í skýrslu, sem skýrist af því að tölur á heimasíðu eru frá miðri önn, en tölur í skýrslu frá lok annar og nokkrir nemendur bættust í hópinn á þeim tíma.

Sumarönn 2016

Á sumarönn 2016 voru 92 áfangar kenndir. Öllum nemendum sem sóttu um var boðinn aðgangur að fjarnáminu og þeim sem höfðu valið áfanga sem ekki voru kenndir var boðið að taka aðra áfanga í staðinn.

Tveir *hulduáfangar* voru kenndir fyrir nemendur sem þurftu nauðsynlega að taka þá áfanga vegna fyrirhugaðrar útskriftar. Áfangar á sumarönn 2016 voru því alls 94.

Fjarkennarar á sumarönn voru 44, allt þrautreyndir fjarkennarar.

Á sumarönn 2016 voru 747 nemendur skráðir í fjarnám, þegar þessi hópur er skoðaður nánar kemur í ljós að:

- Fjöldi nemenda á sumarönn 2016 var 468 færri en á sumarönn 2015. Fækkunin á milli ára er því 49,8%. Munar þar mestu um 193 nýnema Verzlunarskólans á sumarönn 2015, sem var boðið að taka vélritunaráfanga í fjarnámi og/eða að skrá sig á undirbúningsnámskeið í stærðfræði um haustið. Alls voru því 747 nemendum í hefðbundnu fjarnámi á sumarönn 2015. Ef þessir nýnemar eru undanskildir, er munurinn á milli áranna því fækkun úr 747 nemendur á sumarönn 2015 í 472 nemendur á sumarönn 2016. Þetta er fækkun uppá 36,8% á milli ára. Í öllum tölum frá sumarönn 2015 sem notaðar eru hér á eftir eru þessir nýnemar undanskildir.
- Af 472 nemendum sumarannar 2016 voru 160 (33,9%) líka í dagskóla Verzlunarskólans, hinir 312 (66,1%) komu annars staðar frá. Á sumarönn 2015 voru 181 (24,2%) nemenda líka í dagskóla VÍ, og er það hlutfall mun lægra en á sumarönn 2016.
- Af þessum 472 nemendum voru konur 263 (55,7%) og karlar 209 (44,3%). Samsvarandi tölur fyrir sumarönn 2015 voru 53,3% konur og 46,7% karlar.
- Meðalaldur fjarnemenda á sumarönn 2016 var 20,5 ár, en það var lægri meðalaldur en á sumarönn 2015 (21,4 ár).
- Fjölmennasti árgangurinn í fjarnáminu á sumarönn 2016 voru nemendur fæddir 1997, en þeir höfðu þá væntanlega lokið þriðja ári í framhaldsskóla. Næst fjölmennasti árgangurinn á sumarönn 2016 voru nemendur fæddir 1998 en það eru nemendur sem þá höfðu væntanlega nýlokið öðru ári í framhaldsskóla. Á sumarönn 2015 var árgangurinn 1996 fjölmennastur en þeir höfðu þá væntanlega lokið þriðja ári í framhaldsskóla og næst fjölmennasti árgangurinn þá sumarönnina voru nemendur fæddir 1997 en þeir höfðu þá væntanlega lokið öðru ári í framhaldsskóla. Þriðji fjölmennasti árgangurinn á báðum önnum hafði væntanlega lokið fyrsta ári í framhaldsskóla og fjórði fjölmennasti árgangurinn væntanlega verið fjögur ár í framhaldsskóla.
- Að meðaltali tók hver nemandi 4,8 einingar á sumarönn 2016. Sambærileg tala fyrir sumarönn 2015 var 4,9 einingar.

Sjá nánar um nemendur á sumarönn 2015 á heimasíðu skólans³.

³Sjá nánari upplýsingar um nemendur á sumarönn 2016 á heimasíðu skólans, http://www.verslo.is/fjarnam/um-fjarnam/fjarnemendur/sumar_2016/. Tölur eru mismunandi á heimasíðu og í skýrslu, sem skýrist af því að tölur á heimasíðu eru frá miðri önn, en tölur í skýrslu frá lok annar og nokkrir nemendur bættust í hópinn á þeim tíma.

Nemendur á sumarönn 2016 voru skráðir í 2280,4 einingar, til lokaprófs skiluðu sér 1701,2 einingar en það gera 74,6% af þeim einingum sem lagt var upp með. Gáfu þessar þreyttu einingar 48,6 ársnemendur. Á sumarönn 2015 skiluðu 73,9% eininga sér til prófs en á þeirri önn gaf það 81,1 ársnemendur. Sjá töflu 4 í viðauka.


Þriggja ára nám til stúdentsprófs

Fyrstu nemendur í Verzlunarskóla Íslands hófu nám á þriggja ára brautum til stúdentsprófs haustið 2015. Stefnt var að því að áfagar í samræmi við þriggja ára brautir verði í boði í fjarnámi eigi síðar en næstu önn á eftir að þeir eru kenndir í fyrsta sinn í dagskóla. Nú þegar eru 13 áfangar í boði í samræmi við hina nýju námskrá. Þannig voru áfangarnir BÓKF1BR05, DANS2MM05, DANS2NS05, ENSK2MV05, ENSK2OM05, ÍSLE2RM06, STÆR2ÞA05, TÖLV2RT05 og VÉLR1FI02 kenndir í fyrsta sinn á vorönn 2016 og HAGF2ÞF05, ÍSLE2GF05, STÆR2HJ05 og STÆR2MM05 í fyrsta sinn á sumarönn 2016. Þetta eru allir áfangar sem nemendur tóku í fyrsta bekk veturinn 2015-2016 ef frá er skilinn STÆR2PÞ05 en hann var tekinn til kennslu í fyrsta sinn á haustönn 2016. Fram að því var nemendum boðið að taka STÆ103 í staðinn.

Fjöldi fjarnemenda eftir önnum

Þegar fjöldi nemenda í fjarnámi Verzlunarskólans er skoðaður eftir önnum, má almennt segja að fjöldinn vaxi frá önn til annar, fram til ársins 2010 en þá var niðurskurðarhnífurinn settur á loft. Frá þeim tíma hefur fjöldi fjarnemenda verið á bilinu 500-750 á önn. Sumarönn 2015 sker sig út vegna nýnema í vélritun og/eða á undirbúningsnámskeiði í stærðfræði. Haustannirnar eru einna fámennastar og sumar- og vorannir álíka fjölmennar.

Þetta kemur fram á mynd 1. Upplýsingar um fjölda nemenda á önn má sjá í töflu 4 í viðauka.



Mynd 1. Fjöldi fjarnemenda VÍ eftir önnum

Sumar- og vorannir eru alla jafnan fjölmennastar og haustannirnar fámennastar. Það helst í hendur við það að nemendur dagskóla Verzlunarskólans eru fjölmennastir á sumar- og vorönnum því þá eru þeir margir að taka upp falláfanga frá önninni á undan.


Fjöldi umsækjenda eftir önnum

Tölur um fjölda umsækjenda á önn eru til frá haustönn 2010. Þá sóttu 773 nemendur um að komast í fjarnám VÍ, en vegna niðurskurðar voru einungis 311 nemendur teknir inn en það er einungis 40% af heildarfjölda umsækjenda. Þetta hlutfall er um 90% á næstu önnum á eftir. Hlutfall þeirra sem fá aðgang að fjarnáminu af heildarfjölda umsækjenda fór hækkandi fram að vorönn 2015 en virðist hafa farið lækkandi síðan. Sjá töflu 1.

| Önn | Umsækjendur | Nemendur | Nemendur/Umsækjendur | Umsækjendur sem ekki fá aðgang |
|------|-------------|----------|----------------------|--------------------------------|
| H-10 | 773 | 311 | 0,4 | 462 |
| V-11 | 818 | 721 | 0,88 | 98 |
| S-11 | 808 | 728 | 0,9 | 80 |
| H-11 | 577 | 522 | 0,9 | 55 |
| V-12 | 714 | 627 | 0,88 | 87 |
| S-12 | 643 | 572 | 0,89 | 71 |
| H-12 | 619 | 574 | 0,93 | 45 |
| V-13 | 689 | 641 | 0,93 | 48 |
| S-13 | 773 | 698 | 0,90 | 75 |
| H-13 | 586 | 545 | 0,93 | 41 |
| V-14 | 737 | 694 | 0,94 | 43 |
| S-14 | 685 | 604 | 0,88 | 81 |
| H-14 | 546 | 512 | 0,94 | 34 |
| V-15 | 627 | 608 | 0,97 | 19 |
| S-15 | 993 | 940 | 0,95 | 53 |
| H-15 | 604 | 570 | 0,94 | 34 |
| V-16 | 626 | 574 | 0,92 | 52 |
| S-16 | 518 | 472 | 0,91 | 46 |

Tafla 1. Fjöldi umsækjenda, nemenda og hlutfall milli nemenda og umsækjenda


Fjöldi umsækjenda eftir önnum frá haustönn 2010 er á bilinu 500-800. Sumarönn 2015 sker sig úr en þá skráðu tæplega 200 nýnemar VÍ sig í fjarnám í vélritun og/eða á undirbúningsnámskeið í stærðfræði. Þessi súla er því of há og ætti að vera undir 750 markinu. Sjá mynd 2.



Mynd 2. Fjöldi umsækjenda eftir önnum

Meðaleiningafjöldi fjarnemenda eftir önnum

Meðaleiningafjöldi sem hver fjarnemandi tekur á önn hefur verið á bilinu frá 5 til 6 einingar frá og með vorönn 2006 og til og með sumarönn 2016. Flestar einingar að meðaltali á önn tóku nemendur á haustönn 2009 (6,2 einingar), en færstar á sumarönn 2015 (4,1). Þessi tala frá sumarönn 2015 er miðuð við þá tæplega 200 nemendur sem tóku vélritunaráfangann sem er aðeins ein eining. Ef þeir nemendur eru ekki taldir með, þá hækkar þessi tala í 4,9. Sjá mynd 3 og töflu 4 í viðauka.




Mynd 3. Meðaleiningafjöldi fjarnemenda eftir önnum

Ef mynd 3 er skoðuð nánar, kemur í ljós að meðaleiningafjöldi nemenda á önn lækkaði á niðurskurðarárinu 2010, miðað við fyrri annir og hefur verið lægri síðan miðað við annir fyrir 2010.

Mæting fjarnemenda í próf eftir önnum

Mæting í próf eftir önnum var um 60% frá og með vorönn 2006 og til og með vorönn 2010. Undantekning er sumarönn 2006, en þar var mæting í próf nálægt 78%. Hafa skal í huga þegar mæting í próf er skoðuð að á fyrstu önnum fjarnámsins fengu nemendur endurgreidd kennslugjöld fyrir það eitt að mæta í próf. Frá haustönn 2010 hefur mætingin í próf hins vegar verið yfir 70%, undantekning eru þó haustannir 2012, 2013 og 2014 og vorönn 2014. Mætingin í próf á sumarönn 2016 var tæplega 75%. Því má segja að niðurskurðurinn með fækkun nemenda á önn og fækkun meðalfjölda eininga hvers nemanda á önn hafi leitt til þess að nemendur mæti betur í próf. Þetta kemur fram á mynd 4. Tölur eru fengnar úr töflu 4 í viðauka.




Mynd 4. Hlutfallsleg mæting í fjarnámspróf eftir önnum

Ef meðalmæting nemenda á öllum önnum er tekin saman, kemur í ljós að hún er rúmlega 67%. Markmiðið er að yfir 80% eininga skili sér til prófs á hverri önn.

Ársmemendur fjarnáms


Ársmemendur eru taldir út frá þeim einingum sem skila sér til prófs. Miðað er við að hver árnemandi taki 35 einingar á ári. Ársmemendur á önn voru á bilinu 60 til 70 á fyrstu önnum fjarnámsins. Árið 2008 fór árnemendafjöldinn á önn upp í 70 til 80, en hækkað ört á árinu 2009 og náði hámarki á sumarönn 2009 en þá fór árnemendafjöldinn á önn yfir 100. Á sumarönn 2010 fór svo árnemendafjöldinn lækkaði og náði hann lágmarki á haustönn 2010. Árnemenda fjöldinn hefur verið á bilinu frá 50-80 síðustu annir, ívið lægri á

haustönnum en á sumar- og vorönnum. Ársnemenda fjöldinn á sumarönn 2016 var 48,6 og er það lægsta tala síðan á haustönn 2010. Sjá mynd 5 og töflu 4 í viðauka.



Mynd 5. Fjöldi ársnemenda fjarnáms eftir önnum

Á þremur önnum árið 2006 gaf fjarnámið af sér 198,3 ársnemendur. Árið 2007 fækkaði ársnemendum niður í 191,9, en þá var hætt að endurgreiða kennslugjaldið til þeirra nemenda sem mættu í próf. Árið 2008 gaf fjarnámið af sér 235,9 ársnemendur og árið eftir 285,3. Á niðurskurðarárinu 2010 fór fjöldi ársnemenda niður í 223 og árið eftir var ársnemendafjöldinn svipaður eða 221. Árið 2012 var fjöldi ársnemenda tæplega 200 og svipaður árið 2013. Árið 2014 fór ársnemenda fjöldinn niður í 185,1. Á árinu 2015 fór fjöldi ársnemenda í 202,8 en hafa ber í huga þegar sú tala er metin að þarna munar um nokkra ársnemendur sem nýnemar í vélritun skiluðu á sumarönn 2015. Það sem af er árinu 2016 er ársnemendafjöldinn orðinn 107,1. Þetta kemur fram á mynd 6. Tölur eru fengnar úr töflu 4 í viðauka.



Mynd 6. Fjöldi árnemenda fjarnáms eftir árum

Stefnt er að því að árnemendur á haustönn verði um 50 og heildarfjöldinn á árinu mun því verða sá lægsti síðan sem fjarnám VÍ hefur gefið af sér.

Fjarnámsgjöld

Í byrjun árs 2011 var ákveðið að hækka fjarnámsgjöldin umtalsvert og hafa kennslugjaldið 4500 krónur á einingu en það var áður 3000 kr á einingu. Ákveðið var þó að halda skráningargjaldinu áfram í 6000 krónum. Þessi verðskrá var í gildi út árið 2015. Í janúar 2016 var ákveðið að hækka kennslugjaldið í 6000 krónur og skráningargjaldið í 7200 krónur. Þessi verðskrá hefur verið í gildi síðan. Nemendur Verzlunarskólans borga ekki skráningargjald en allir aðrir nemendur gera það.


Fjarnámspróf

Fjarnámspróf eru aðallega tekin í húsnæði Verzlunarskóla Íslands, en líka vítt og breytt um heimskringluna. Á hverri önn eru ævinlega um 25-30% prófa skráð annars staðar en í húsnæði Verzlunarskólans. Flest eru þau fjarnámspróf tekin í framhaldsskólum á landinu, en þar sem því verður ekki viðkomið þá eru þau haldin í grunnskólum í heimabyggð nemandans. Á einstaka stað sjá háskólasetur, þekkingarsetur eða fræðslunet um fjarnámsprófin. Erlendis taka nemendur próf í sendiráðum, hjá ræðismönnum, í skólum í heimabyggð nemandans eða hjá einhverjum öðrum aðila sem fjarnámsstjóri metur traustan.

Ábyrgðarmenn fá skýrar leiðbeiningar um framkvæmd prófa, svo sem eins og hve langan tíma próf má taka og hvaða leyfileg hjálpargögn nemendur mega hafa við próftökuna. Einnig er lögð áhersla á að tryggja þurfi nemendum næði við próftökuna.

Einkunnir fyrir fjarnámspróf

Ef lokaekunnir fjarnemenda á önnunum þremur (haustönn 2015, vorönn 2016 og sumarönn 2016.) sem þessi skýrsla fjallar um eru skoðaðar, kemur í ljós að meðaltal þeirra er 6,00. Miðgildið er 6 og tíðasta gildið er 7. Einkunnadreifingin kemur fram á mynd 7.



Mynd 7. Einkunnadreifing fjarnemenda í % á H15, V16, S16

Þegar þessar annir eru aðskildar, kemur í ljós að á haustönn 2015 er meðaltal einkunn hæst, eða 6,29, en lægst á sumarönn eða 5,56. Meðaltal einkunna á vorönn 2016 er 6,1 og á þeirri önn er mæting best í próf. Vorönn 2016 skilar þó flestum stöðnum áföngum. Þetta kemur fram í töflu 4.

| Önn | Meðaltal | Miðgildi | Tíðasta gildi | % einkunnir ≥ 5 | % einkunnir ≤ 4 | % meðalmæting í próf | % staðnir áfangar |
|-----|----------|----------|---------------|-----------------|-----------------|----------------------|-------------------|
| H15 | 6,29 | 7 | 7 | 79,62 | 20,38 | 68,7 | 54,71 |
| V16 | 6,1 | 6 | 7 | 79,91 | 20,09 | 70,7 | 56,50 |
| S16 | 5,56 | 6 | 6 | 68,91 | 31,09 | 74,6 | 51,41 |

Tafla 2. Niðurstöður prófa á H15, V16 og S16

Samkvæmt þessu, þá eru 76,5% loka-einkunna á öllum önnunum þremur sem hér um ræðir stærri eða jafnt og 5 og 23,5% undir 5. Þar sem 71,3% mæting var í próf þessar þrjár annir, þá lýkur rúmlega helming (54,54%) af öllum áföngum þessara þriggja anna með stöðnum einingum, en í tæplega helming áfanga mæta nemendur annað hvort ekki í próf eða fá fallelkunnir fyrir prófin sín.

Samskonar úttekt hefur verið gerð tvisvar áður, það er fyrir haustönn 2014, vorönn 2015 og sumarönn 2015 annars vegar og haustönn 2013, vorönn 2015 og sumarönn 2015 hins

vegar. Samanburður á þessum úttektum sýnir að hlutfall einkunna sem eru stærri eða jafnt og fimm fer hækkandi og hlutfall staðinna eininga sömuleiðis.

Til eru sambærilegar tölur frá árin 2006 og 2007 og þar kemur í ljós að rúm 10% nemenda fá einkunn 1. Þessi ár var nemendum endurgreitt fyrir að mæta í próf og margir nýttu sér það og skiluðu nánast auðu prófblaði og fengu einkunn 1. Á þessum sex önum 2006 og 2007 voru 67,6% prófa með einkunnir hærrí eða jafnt og 5, en 32,4% prófa með falleinkunnir (einkunnir 1 til 4). Meðalmæting í próf var 62,4% á árunum 2006 og 2007 sem merkir að 42,2% prófa lauk með stöðnum framhaldsskólaeiningum. Sjá töflu 2.

| Önn | Meðaltal | Miðgildi | Tíðasta gildi | % einkunnir ≥ 5 | % einkunnir ≤ 4 | % meðalmæting í próf | % staðnir áfangar |
|----------------------|----------|----------|---------------|-----------------|-----------------|----------------------|-------------------|
| Allar annir 06 og 07 | - | - | 5 | 67,6 | 32,4 | 62,4 | 42,2 |
| H13, V14, S14 | 5,82 | 6 | 6 | 73,4 | 26,6 | 69,8 | 51,23 |
| H14, V15, S15 | 5,99 | 6 | 7 | 74,9 | 25,1 | 69,83 | 52,3 |
| H15, V16, S16 | 6 | 6 | 7 | 76,5 | 23,5 | 71,3 | 54,54 |

Tafla 3. Niðurstöður prófa teknar saman

Þegar tölur í töflu 2 eru skoðaðar kemur í ljós að meðalmæting í próf hefur hækkað síðan á árunum 2006 og 2007 og áföngum sem lýkur með stöðnum einingum hefur fjölgað.

Lokaorð

Fjarnám við Verzlunarskóla Íslands hefur nú verið rekið með óbreyttu sniði í 11 ár. Á þessum tíma hafa kennarar skólans byggt upp metnaðarfulla áfanga í kennsluferfinu og staðið fyrir kröftugri fjarkennslu. Kerfisstjóri og kerfisfræðingur hafa séð til þess að tæki og tól virki eins og best verður á kosið, því ekki má gleyma að á bak við öflugan fjarnámsskóla er mikil tækniþekking.

Þegar horft er yfir farinn veg kemur í ljós að fjarnámskerfið allt er skilvirkara en áður, samanburður á einkunnum frá árunum 2006 og 2007 annars vegar og skólaáranna 2013-2014, 2014-2015 og 2015-2016 hins vegar leiðir það í ljós. Á fyrra tímabilinu lauk um þriðjungi skráðra prófa með stöðnum framhaldsskólaeiningum en á þeim síðari var þessi fjöldi rúmlega helmingur. Skýringin á þessu er án efa sú að allt kerfið okkar vinnur betur nú en fyrr. Fjarkennarar eru orðnir öruggari í sínu starfi, kennsluferfið er orðið þjálfa, tölvurnar eru orðnar betri og tölvukunnáttu nemenda hefur fleygt fram.

Reykjavík 11. október 2016
Sigurlaug Kristmannsdóttir
 fjarnámsstjóri VÍ

Viðauki

| Önn | Fjöldi nemenda á önn | Einingar per nemanda | Nemendur * einingar | Einingar til prófs | Arsmendur í próf | % Mæting í próf |
|------------------------|----------------------|----------------------|---------------------|--------------------|------------------|-----------------|
| Y06 | 744 | 5,23 | 3889 | 2471 | 70,6 | 63,5 |
| S06 | 509 | 5,65 | 2877 | 2243 | 64,1 | 78,0 |
| H06 | 665 | 5,47 | 3640 | 2227 | 63,6 | 61,2 |
| Alls fjarnám 06 | 1918 | 5,43 | 10406 | 6941 | 198,3 | 66,7 |
| Y07 | 690 | 5,36 | 3699 | 2140 | 61,1 | 57,9 |
| S07 | 659 | 5,42 | 3572 | 2186 | 62,5 | 61,2 |
| H07 | 754 | 6,05 | 4558 | 2390 | 68,3 | 52,4 |
| Alls fjarnám 07 | 2103 | 5,62 | 11829 | 6690 | 191,9 | 56,56 |
| Y08 | 811 | 5,98 | 4846 | 2739 | 78,3 | 56,5 |
| S08 | 714 | 5,65 | 4037 | 2720 | 77,7 | 67,4 |
| H08 | 815 | 5,70 | 4648 | 2796 | 79,9 | 60,2 |
| Alls fjarnám 08 | 2340 | 5,78 | 13531 | 8255 | 235,9 | 61,01 |
| Y09 | 895 | 5,96 | 5331 | 3119 | 89,1 | 58,5 |
| S09 | 979 | 5,87 | 5744 | 3516 | 100,5 | 61,2 |
| H09 | 900 | 6,19 | 5567 | 3350 | 95,7 | 60,2 |
| Alls fjarnám 09 | 2774 | 6,00 | 16642 | 9985 | 285,3 | 60,00 |
| Y10 | 923 | 6,02 | 5553 | 3422 | 97,8 | 61,6 |
| S10 | 889 | 5,04 | 4479 | 3069 | 87,7 | 68,5 |
| H10 | 308 | 5,75 | 1771 | 1313 | 37,5 | 74,1 |
| Alls fjarnám 10 | 2120 | 5,57 | 11803 | 7804 | 223,0 | 66,12 |
| Y11 | 721 | 5,44 | 3923 | 2815 | 80,4 | 71,8 |
| S11 | 728 | 5,24 | 3816 | 2807 | 80,2 | 73,6 |
| H11 | 522 | 5,70 | 2976 | 2129 | 60,8 | 71,5 |
| Alls fjarnám 11 | 1971 | 5,44 | 10715 | 7751 | 221,5 | 72,34 |
| Y12 | 627 | 5,52 | 3464 | 2592 | 74,1 | 74,8 |
| S12 | 572 | 5,24 | 2997 | 2184 | 62,4 | 72,9 |
| H12 | 574 | 5,35 | 3071 | 2126 | 60,7 | 69,2 |
| Alls fjarnám 12 | 1773 | 5,38 | 9532 | 6902 | 197,2 | 72,41 |
| Y13 | 641 | 5,33 | 3417 | 2396 | 68,5 | 70,1 |
| S13 | 698 | 5,00 | 3493 | 2536 | 72,5 | 72,6 |
| H13 | 545 | 5,25 | 2863 | 1956 | 55,9 | 68,3 |
| Alls fjarnám 13 | 1884 | 5,20 | 9773 | 6888 | 196,8 | 70,35 |
| Y14 | 694 | 5,30 | 3677 | 2492 | 71,2 | 67,8 |
| S14 | 604 | 5,12 | 3092 | 2266 | 64,7 | 73,3 |
| H14 | 512 | 5,29 | 2707 | 1719 | 49,1 | 63,5 |
| Alls fjarnám 14 | 1810 | 5,24 | 9476 | 6477 | 185,1 | 68,35 |
| Y15 | 608 | 5,24 | 3187 | 2301 | 65,7 | 72,2 |
| S15 | 940 | 4,09 | 3845 | 2840 | 81,1 | 73,9 |
| H15 | 570 | 5,00 | 2851 | 1959 | 56,0 | 68,7 |
| Alls fjarnám 15 | 2118 | 4,67 | 9883 | 7100 | 202,9 | 71,84 |
| Y16 | 574 | 5,04 | 2894 | 2046,2 | 58,5 | 70,7 |
| S16 | 472 | 4,83 | 2280,4 | 1701,2 | 48,6 | 74,6 |
| H16 | | | | | | |
| Alls fjarnám 16 | 1046 | 4,95 | 5174,4 | 3747,4 | 107,1 | 72,42 |

Tafla 4. Tölur úr gagnagrunni fjarnáms á árunum 2006-2016

Tölur um fjölda nemenda í fjarnámi á heimasíðu skólans og í þessari töflu, kunna að vera misjafnar. Skýringin er sú að efnið á heimasíðuna er unnið um miðja önn, en þessi tafla er unnin í lok annar og þá gætu einhverjir nemendur hafa bæst við. Tölur í töflunni teljast í öllum tilfellum vera réttari.